

70

13. júlí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Lundi skal algerlega friðaður á Heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá því 11 vikur eru af sumri og þangað til fullar 15 vikur eru af sumri. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

71

15. júlí

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Skagafjarðarsýslu.

Fyrsti þáttur.

Ákvæði, er taka bæði til kaupsins og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa eða annarstaðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur kaupsins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir